

Alþingi
Erindi nr. P 138/1013
komudagur 25.1.2010

SFF
SAMTÖKFIJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 25. janúar 2010

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, 259. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin fagna því að lagt hafi verið í þá vinnu að semja frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestastjóði. SFF áttu fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að gerð frumvarpsins. Þegar á heildina er litið telja samtökin frumvarpið fela í sér jákvæðar breytingar á þessu réttarsviði. Samtökin telja mikilvægt að löggjöf hér á landi um framangreinda sjóði sé sambærileg við löggjöf nágrannaríkjanna eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Þá eru samtökin hlynnt því að gerðar séu auknar kröfur hér á landi til rekstrarfélaga verðbréfasjóða í ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað á fjármálamarkaði haustið 2008. Þó ber að varast að leggja það miklar takmarkanir á viðskipti að hamlað geti uppbyggingu fjármálamarkaðar að nýju.

Hér á eftir fara athugasemdir og ábendingar við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr.

Í 4. tl. 2. gr. er sett fram ágæt skilgreining á hugtakinu „fagfjárfestastjóður“. Í seinni málslið tölulíðsins er síðan sett fram efnisregla um að óheimilt sé að markaðssetja og koma honum á framfæri við almenning. Að mati samtakanna á slík efnisregla ekki heima í ákvæði með orðskýringum og færi betur á að finna henni annan stað í frumvarpinu.

Í 5. tl. 2. gr. er í skilgreiningu hugtaksins „rekstrarfélag“ vísað til þess að það sé fjármálafyrirtæki sem reki verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði „og aðra sjóði um sameiginlega fjárfestingu.“ Ekki er skýrt hvað átt er við með öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. SFF leggja til að greinin hljóði svo: „Rekstrarfélag: Fjármálafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki og rekur sjóði um sameiginlega fjárfestingu skv. II.-IV. kafla þessara laga.“

Bent er á að skilgreining á hugtakinu „peningamarkaðsskjal“ í 8. tl. 2. gr. er ekki sú sama og skilgreining sem sett er fram á þessu hugtaki í lögum um verðbréfavíðskipti. Bagalegt er að nota sama hugtak með annarri skilgreiningu, sérstaklega þar sem lög um verðbréfavíðskipti og frumvarp þetta tilheyra sama réttarsviði. SFF leggja til að fyrri málsliður 8. tl. 2. gr. laganna falli brott og í staðinn sé vísað til skilgreiningar í lögum um fjármálafyrirtæki en að síðari málsliður 8. tl. 2. gr. haldist óbreyttur.

SFF telja mikilvægt að hugtakið „auðseljanlegur gerningur“ verði skilgreint í lagatextanum. Í athugasemdum við frumvarpið er leitast við að skýra hugtakið að nokkru leiti en þó ekki með fullnægjandi hætti, sérstaklega í því ljósi að gerningur getur verið auðseljanlegur þegar hann er keyptur en aðstæður á markaði geta breyst þannig að gerningur verði óseljanlegur. Þá er ekki skýrt í frumvarpinu hvernig hugtakið „framseljanlegt verðbréf“ í 7. tl. 2. gr. (sbr. ákvæði 1. tl. 30. gr.) tengist hugtakinu „auðseljanlegur gerningur“. Þar sem gerningar geta verið seljanlegir á ákveðnum tímapunkti en ekki á öðrum, vaknar sú spurning hvort ákvæði frumvarpsins leiði það af sér að það þurfi að vera víðskiptavakt með flokkinn til þess að hann teljist sem seljanlegur gerningur og þar með kauptilboð á hverjum degi í þeirri kauphöll þar sem viðkomandi útgáfa er skráð. Ef svo er þarf að liggja fyrir hversu stórt hlutfall af flokknum þarf að vera víðskiptavakt með á hverjum degi til þess að hægt sé að flokka viðkomandi gerning sem seljanlegan?

Í athugasemdum við við 10. og 11. tl. 2. gr. segir: „Í 10. og 11. tölul. er bætt við skýringum á hugtökunum „fagfjárfestir“ og „almenningsur“. Ekki er farin sú leið að að setja sérstakan mælikvarða um stærð ákveðinna víðskipta til þess að segja til um hvort um fagfjárfesti sé ræða, heldur er vísað til laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, að þessu leyti. *Hins vegar er ljóst að með þeirri starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða að taka við fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar felst að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði er ekki heimilt að setja reglur eða skilyrði um lágmark fjárfestingar. Til skýringar má nefna að verðbréfasjóði væri ekki heimilt að gera það að skilyrði viðtöku fjár frá einstaklingi að fjárfesting hans næmi að lágmarki 3 millj. kr. Óheimilt er því að setja einhvers konar lágmark á fjárfestingar almennings í verðbréfasjóði, enda færi slíkt gegn hugmyndafræði UCITS-sjóða.* Fram að þessu hefur framkvæmd á markaði verið sú að sjóðir hafa sett sér eigin reglur um lágmarksupphæð víðskipta t.d. er algengt að miðað sé við að lágmarksupphæð sé 5000 kr. Telja samtökin slíkt lágmark fela í sér eðlilega neytendavernd þar sem almennt er tekið afgangið sem getur numið nokkur hundruð krónum við hver víðskipti. Því er óheppilegt að binda hendur verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða með þessum hætti.

3. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli halda skrá yfir sjóði sem skuli birta opinberlega og þar skuli koma fram allar helstu upplýsingar um viðkomandi sjóð. Bent er á að reglan stangast á við fyrrnefnda reglu í 4. tl. 2. gr. þar sem mælt er fyrir um að óheimilt sé að markaðssetja og koma á framfæri við almenning upplýsingum um fagfjárfestasjóði. Leggja samtökin til að mælt verði fyrir um að Fjármálaeftirlitið birti ekki upplýsingar um fagfjárfestasjóði.

6. gr.

Í ákvæðinu segir að Fjármálaeftirlitið skuli tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi. Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði markaður tímafrestur til að tilkynna umsækjanda um þetta, t.d. innan eins mánaðar frá móttöku fullbúinnar umsóknar (sbr. 2. mgr.) svo afgangið mála dragist ekki.

1. mgr. 14. gr.

Óljóst er hvað átt er við með orðalaginu „Framkvæmdastjóri og starfsmenn sem hafa umsjón með sjóðastýringu.....“ í upphafi 1. mgr. Skilja má ákvæðið svo að allir starfsmenn rekstrarfélags sem koma að rekstri sjóða skuli hafa próf í verðbréfavíðskiptum, hvort sem hlutverk þeirra felst í stjórnun og stefnumótun eða eingöngu framkvæmd einstakra færslna. Telja verður eðlilegt að krafa um próf í verðbréfavíðskiptum nái til stjórnenda svo sem framkvæmdastjóra og sjóðstjóra en ekki almennra starfsmanna. Því er lagt til að orðalagið verði eftirfarandi: „Framkvæmdastjóri og sjóðstjórar.....“

18. gr.

Bent er á málvillur í ákvæðinu. Orðalagið „... útvista öll verkefni.....“ á sennilega að vera „útvista öllum verkefnum“. Orðalagið „Meirihluta verkefna.....“ á sennilega að vera „Meirihluti verkefna...“.

2. mgr. 31. gr.

Í málsgreininni er ný regla í lögum þar sem tekið er fram að verðbréfasjóði sé heimilt að eiga allt að 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum til skamms tíma. SFF leggjast gegn þessari viðbót við lög. Þessi 10%-takmörkun, þ.e. hámark sem sjóði er heimilt á hverjum tíma að eiga í reiðufé, hefur komið fram í túlkun Fjármálaeftirlitsins á lögnum í nokkurn tíma, a.m.k. frá upphafi árs 2008. Má því segja að kominn sé vísir að framkvæmd um túlkun á núgildandi lögum um hámark reiðufjár. Aftur á móti telja SFF að það sé óþarfi að binda hendur sjóðstjóra svo mikið að setja þessa reglu í lög. Fé á innlánsreikningum telst til reiðufjár og getur sú staða komið upp að innlánsamningar gefi lakari kjör en innlánsreikningar (þ.e. þar sem ekki er samið sérstaklega um binditíma og vexti). Sú aðstaða kom upp veturinn 2008-2009 og við þær aðstæður fór reiðufé yfir 10%-hámarkið. Ef 2. mgr. 32. gr. frumvarpsins hefði verið í gildi þá, hefði slík eignasamsetning falið í sér brot gegn lögnum.

1. mgr. 32. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að frestur verðbréfasjóðs til að selja fullnustueignir verði skertur úr 18 mánuðum í 9 mánuði. SFF telja ekki ástæðu til að skerða þennan frest, sérstaklega ekki eins og árfærðið er í dag. SFF leggja til að fresti í 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins verði breytt í 18 mánuði.

8. og 9. mgr. 35. gr.

Nýmæli eru lögð til í 8. og 9. mgr. um takmarkanir á fjárfestingum í tengdum aðilum. Samanlögð fjárfesting í tengdum aðilum má ekki nema meiru en 20% af heildareignum sjóðsins. Annars vegar er um að ræða fjárfestingar í aðilum tengdum rekstrarfélaginu og móðurfélagi þess og hins vegar er um að ræða aðra tengda aðila, þ.e. aðila sem tengdir eru innbyrðis. Í 8. mgr. er tekið fram að aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt ákvæðinu. Í ljósi reynslunnar telja samtökin eðlilegt að setja skorður við fjárfestingum í tengdum aðilum. Samtökin vilja þó benda á að meta þarf sérstaklega hvaða áhrif lögfesting ákvæðisins mun hafa þannig að tryggt sé að of miklar skorður verði ekki settar við fjárfestingum þannig að það hamli uppbyggingu fjármálamarkaðar að nýju.

3. mgr. 37. gr.

Í málsgreininni kemur fram að meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs megi að hámarki vera 90 dagar. SFF telja að lög eigi ekki að setja hámark á meðallíftíma eignasafns peningamarkaðssjóða og leggja því til að sá hluti málsgreinarinnar verði felldur út úr

frumvarpinu. Ef ekki er sátt um að fella ákvæðið út úr frumvarpinu, leggja SFF til að meðallíftíminn í frumvarpinu verði hærri, t.d. 180 dagar.

2. tölul. 40. gr.

Í 2. tölul. 40. gr. hefur verið bætt við orðunum „þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu“. Í athugasemdum við 40. gr. frumvarpsins segir að tilgangur þessa nýmælis sé að koma í veg fyrir að verðbréfasjóðir verði notaðir til þess að fjármagna félög sem gefa út skuldabréf með því að kaupa upp öll skuldabréf í einstakri skuldabréfaútgáfu og fjármagna þannig viðkomandi félag.

SFF leggja til að framangreind orð verði felld brott úr frumvarpinu, enda er hér um mjög víðtæka takmörkun á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða. Ef löggjafinn fellst ekki á að fella þessi orð brott vantar frekari skýringar á því hvort átt er við 25% af áætlaðri útboðsupphæð eða af sölu.

43. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að hafi fjárfestingar verðbréfasjóðs farið fram úr leyfilegum mörkum verði hámarksfrestur til úrbóta stytur úr sex mánuðum í þrjá mánuði. Fjármálaeftirlitinu er þó eftir sem áður heimilt að veita lengri frest og er það í samræmi við gildandi framkvæmd. Eðlilegt væri að bæta við að Fjármálaeftirlirinu væri heimilt að veita lengri frest ef sjóðurinn hefur keypt auðseljanlega eign sem verður síðar óseljanleg.


70. – 73. gr.

Skilja má 70. gr. og 73. frumvarpsins með þeim hætti að engar takmarknir séu á því hverjir geti rekið fagfjárfestasjóði og gefið út hlutdeildarskírteini í þeim. SFF telja að það samræmist ekki anda frumvarpsins að hafa engar hömlur á því hverjir geta rekið fagfjárfestasjóði og gefið út hlutdeildarskírteini í þeim. Því leggja samtökin til að mælt verði fyrir um í nýjum lögum að rekstrarfélögum einum sé heimilt að reka fagfjárfestasjóði og gefa út hlutdeildarskírteini í þeim.

84. gr.

Í 84. gr. segir að lögini taki gildi 1. janúar 2010 sem nú þegar er liðinn. SFF leggja til að gildistaka laganna verði 1. júlí 2010 (eða síðar), þannig að rekstrarfélög verðbréfasjóða og aðrir aðilar sem lögini taka til hafi ráðrúm til að bregðast við þeim breytingum sem lögini kveða á um.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.